


AFSTÖÐUMYND
Mkv. 1:500




YFIRLITSMYND
EKKI Í KVARÐA

## GREINARGERÐ

Hér er um að ræða nýtt þriggja deilda gothús við svínabúið í Laxárdal 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Gothúsið tengist núverandi útihúsasamstæðu með tengigangi.

| | |
|---|---|
| Matshluti | 31 |
| Landnúmer | L166575 |
| Staðgreinir | 8720-4-00043000 |
| Grunnflötur | 558.4 m² |
| Rúmmál | 3627.1 m³ |

Í húsinu verða gotstíur fyrir 60 gyltur. Hver stía er 2.5m á kant, 6.25m².

Hönnun hússins er samkvæmt IV. kafla reglugerðar um velferð svína nr 1276/2014 og breytingum á henni nr 529/2015 og 358/2019. Ákvæði sem fjalla um húsakost, lýsingu, loftgæði og hljóðvist, slysavarnir og smitvarnir verða uppfyllt.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir bæjartorfu Laxárdals 2.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
04. des. 2019
f.h. Lilja
Byggingarfulltrúi

## SKRÁNINGARTAFLA:

**Skráningartafla:** Laxárdalur Skeiða- og Gnúpverjahreppi Gothús — **Skrásetjari:** Sigurður Unnar Sigurðsson
**Landnúmer:** L166575 — **Kennitala:** 290772-4279
**Matshlutanúmer:** 31 — Útgáfa: 4.01b — **Dags.:** 18.9.2019

| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 1,086.1 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 558.4 | 0.0 | | | 3,627.1 | 523.2 | 558.4 | | 1,909.680 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 111.7 | | | | |
| | 00 | **Kjallari** | | | 527.7 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | | | 1,477.4 | 0.0 | 0.0 | | |
| A | 0001 | **Áburðarkjallari** | F | 0101 | 527.7 | | | | | | 2.80 | 2.80 | 1,477.4 | 0.0 | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 558.4 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 558.4 | 0.0 | | | 2,038.0 | 523.2 | 558.4 | | |
| A | 0101 | **Gothús** | N | 0101 | 558.4 | | | | 558.4 | | 2.68 | 4.68 | 2,038.0 | 523.2 | 558.4 | 3.65 | 1,909.680 |

**Athugasemdir**

Tengibygging er meðtalin

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Gothús** | 558.4 | 1,909.680 | 1,909.680 |
| | **Alls** | 558.4 | 1,909.680 | 1,909.680 |

## BYGGINGARLÝSING:

UNDIRSTÖÐUR, BOTNPLATA, HAUGKJALLARI, ÚTVEGGIR OG GÓLFPLATA eru úr járnbentri steinsteypu.

ÞAKVIRKI samanstendur af sperrum og langböndum úr límtré.

UTANHÚSS KLÆÐNINGAR: Veggir verða klæddir með bárujárni. Á þak koma steinullarfylltar stálklæddar samlokueiningar.

EINANGRUN: Utan á veggi 50mm steinull. Þak 63/107 steinull í samlokueiningum.

LOFTRÆSTING í húsinu er vélræn. Loftskipti verða í samræmi við D-lið í viðauka II, reglugerð 1276/2014. Viðvörunarkerfi og vararafstöð verða til staðar. Ekki verður opið á milli haughúss og deilda.

NEYSLUVATN er lagt frá núverandi húsum. Lagnir verða PEX-lagnir í hlífðarkápu í steypta plötu eða ryðfríar-lagnir lagðar utan á veggi eða neðan í loft. Lágmarksrennsli verður í samræmi við C-lið í viðauka II, reglugerð 1276/2014.

RAFLAGNIR eru lagðar neðan á loft og innan á veggi og gengið frá þeim þannig að ekki valdi skaða. Tryggt verður að raflagnir og varbúnaður séu samkvæmt gildandi reglugerðum og sé ætlaður til nota í landbúnaðarbyggingum. Ljósstyrkur á þeim tíma sem fullt ljós er verður að lágmarki 75 lux.

UPPHITUN verður með gólfhitakerfi tengdu hitaveitu.

SORP sem tilfellur er afsett á gámasvæðum sveitarfélagsins, flokkað samkvæmt reglum hverju sinni.

## BRUNAVARNIR:

Brunaálag byggingarinnar er lítið, minna en 400MJ/m² gólfflatar. Húsið er eitt brunahólf, stúkað frá tengibyggingu með REI 60 vegg.

Rýmingarleiðir af gripasvæði eru um tvær hurðar af hverri deild inn á gang. Af ganginum er flóttaleið um hurðar út um báða gafla sem hægt verður að opna bæði innan og utanfrá. Flóttaleiðir af gangi eru merktar með neyðarlýsingu. Auðvelt verður að opna hurðir í flóttaleiðum án verkfæra þó að rafmagn fari af.

Handslökkvitæki og brunaslöngur eru staðsettar við hurðar í flóttaleiðum.

Reyksogskerfi verður sett upp í byggingunni tengt sjálfvirku brunaviðvörunarkerfi. Stjórnstöð verður í tengibyggingu.

Næsta slökkvistöð er í Árnesi í 15 km fjarlægð.

2020 704

| | |
|---|---|
| HÖNNUÐUR | Sig U. Sig. |
| HÖNNUNARSTJÓRI | Sig U. Sig |

LAXÁRDALUR 2
SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI
GOTHÚS

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 — VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING OG SKRÁNINGARTAFLA

HANNAÐ/TEIKNAÐ: SUS — DAGS: 10. 09. 2019 — Mkv: 1:500 Á A1 — TEIKN. NR: A02